

Hér er birt yfirlit úr niðurstöðum afkvæmarannsóknna sem lagðar voru til grundvallar í leit að úrvalsgripum til notkunar á sæðingastöðvunum. Munurinn á þessum rannsóknum og afkvæmarannsóknum bænda er að hér eru stífar kröfur um að samanburðurinn á milli afkvæmahópa sé sem sanngjarnastur og endurspeglir sem best erfðaeðli þeirra hrúta sem í samanburði eru. Þá er hluti af hrútunum reyndir úrvalshrútar sem safnað er saman til að etja kappi. Með þessu móti er hægt að velja álitlega lambafeður af nokkru öryggi.

Á grunni niðurstaðna úr þessum 8 rannsóknum voru valdir 10 hrútar sem teknir voru í þjónustu sæðingastöðvanna haustið 2017. Þá komu fram nokkrir mjög athyglisverðir hrútar sem ekki voru teknir á stöð í haust en fylgst verður með áfram.

## Hestur, Borgarfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Ómmælingar			Skrokkmál - Brjóstkassi						Kjötmat					
				Vöðvi	Fita	Lögun	V	Dýpt	Lögun	Framp	Læra	Fitup.	Fall-	Gerð	Fita	Hlut- fall*	kjöt %	Aldur
Steðji	15-727	Kaldi	12-950	29,1	2,7	4,1	172,8	261,7	66,0	4,2	4,1	7,5	16,9	10,8	4,8	2,27	45,6	129
Móri	15-740	Golsi	14-726	28,7	2,3	3,9	166,8	262,1	63,7	4,1	4,1	7,3	17,0	10,3	4,8	2,14	45,8	133
Gikkur	16-755	Hroki	15-969	29,9	2,4	3,9	168,5	267,5	63,0	4,0	3,9	7,9	17,4	9,2	4,9	1,88	46,6	129
Drambur	16-756	Hroki	15-969	30,1	2,4	3,8	168,0	263,4	63,8	4,2	4,1	10,0	16,8	9,3	5,6	1,64	45,3	127
Durtur	16-994	Ruddi	15-737	28,5	2,6	3,9	170,8	259,9	65,7	4,2	4,1	9,2	17,6	10,7	5,0	2,14	44,7	128
Höfði	16-759	Klettur	15-743	30,3	2,5	3,9	171,3	262,7	65,2	4,2	4,2	8,6	16,7	10,4	5,3	1,97	46,0	128
Glófi	16-762	Vöttur	15-744	28,7	2,9	3,8	171,9	262,6	65,5	4,1	3,8	8,7	16,2	8,7	4,9	1,79	43,2	128
Gómur	16-764	Fingur	15-746	29,0	2,5	3,5	167,8	262,1	63,9	4,0	4,0	8,1	15,4	10,0	4,6	2,19	45,5	128
Dímon	16-993	Kólski	10-920	29,1	2,5	3,9	174,0	260,5	66,8	4,2	4,2	9,2	17,0	11,1	5,0	2,21	45,5	129
Krókur	16-768	Kornelíus	10-945	29,1	2,3	3,9	168,2	263,6	63,8	4,0	4,0	9,0	16,6	9,9	5,0	1,97	44,9	128
Laddi	16-771	Jóker	12-924	31,1	2,5	4,3	168,4	262,7	64,1	4,2	4,1	8,7	16,5	10,3	4,9	2,10	47,5	129
Klumpur	16-772	Hrauni	12-948	29,9	2,5	3,9	170,8	260,2	65,6	4,1	4,1	10,5	17,6	9,9	5,3	1,87	45,3	130
Skagi	16-774	Tangi	13-954	30,3	2,4	4,0	168,4	265,5	63,4	4,0	3,9	7,8	17,2	9,1	4,9	1,85	45,8	127
<b>Beint mt.</b>				<b>29,5</b>	<b>2,5</b>	<b>3,9</b>	<b>168,9</b>	<b>263,4</b>	<b>64,1</b>	<b>4,1</b>	<b>4,0</b>	<b>8,8</b>	<b>16,8</b>	<b>9,8</b>	<b>5,0</b>	<b>1,96</b>	<b>45,0</b>	<b>129</b>

Á fjárræktarþúinu Hesti var stór afkvæmarannsókn, líkt verið hefur fastur liður í starfssemi búans í áratugi. Þar hafa tíðkast ýtarlegar mælingar á skrokkum þó mikið af þeim málum sem áður voru tekin hafi verið aflögð. En líkt og fram kemur í meðfylgjandi töflu er frambartur skrokkanna mældur og stig gefin fyrir frambart og læri.

Niðurstöður afkvæmarannsóknarinnar byggir á mælingum á hrútlömbum og var þeim lógað 22. september. Yfirleitt eru eingöngu prófaðir veturgamlir heimahrútar á Hesti, en í þetta skiptið voru tveir tveggjavetra heimahrútar prófaðir einnig. Þetta eru þeir Steðji 15-727 og Móri 15-740 en báðir höfðu komið vel út haustið 2016 en tóku þá ekki þátt í afkvæmarannsókninni. Þeir stóðu sig vel í þessu prófi og voru í hópi þeirra hrúta sem helst komu til greina sem stöðvarhrútar. Móri er líkt og nafnið gefur til kynna móraður að lit. Hann er undan Golsa 14-726 frá Hægindi og dóttursonur Fannars 07-808 frá Ytri-Skógum. Steðji er hinsvegar sonur Kalda 12-950 frá Oddsstöðum og rekur ættir í Frosta 07-843 frá Bjarnastöðum í móðurætt. Niðurstaðan var að taka þá Durt 16-994 og Dímon 16-993 til þjónustu fyrir stöðvarnar sem báðir áttu hörkugóða afkvæmahópa og er vísað í hrútaskrá um nánari umsagnir um þá.

## Gilsbakki, Hvítársíðu

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Njörður	15-991	Freyr	11-181	96,0	116,9	118,8	<b>110,6</b>	16,8	10,3	6,2	28,9	3,5	17,6	123,1
Goði	15-373	Freyr	11-181	103,7	105,5	115,0	<b>108,1</b>	17,4	10,2	6,6	28,1	2,8	17,5	125,7
Óðinn	15-992	Hvati	13-926	95,7	95,2	129,8	<b>106,9</b>	16,8	9,9	6,5	28,7	3,0	17,5	118,8
Sporður	16-384	Uggi	15-379	93,4	101,0	113,1	<b>102,5</b>	16,6	10,1	6,6	27,7	2,9	17,5	124,4
Stingur	16-385	Börkur	13-952	117,0	101,0	84,8	<b>100,9</b>	18,4	10,5	7,0	26,9	3,2	17,4	123,7
Þokki	14-365	Ás	09-877	95,6	96,7	110,2	<b>100,8</b>	16,8	9,7	6,3	27,5	2,8	17,4	126,9
Spakur	14-150	Kaldi	12-950	96,0	100,7	98,4	<b>98,3</b>	16,7	9,9	6,4	26,8	2,9	17,3	126,3
Hringur	14-108	Baugur	10-889	103,9	100,6	86,3	<b>96,9</b>	17,4	10,0	6,5	26,9	3,5	17,6	127,1
Grandi	16-382	Kaldi	12-950	98,1	108,4	81,0	<b>95,8</b>	16,9	9,8	6,0	25,6	2,7	17,2	122,2
Snar	16-102	Sprettur	15-117	102,2	81,2	103,9	<b>95,7</b>	17,3	9,8	7,1	27,3	3,2	17,7	121,4
Köttur	15-375	Bekri	12-911	90,7	92,5	101,6	<b>94,9</b>	16,4	10,1	6,9	28,3	4,0	17,6	118,0
Tröllli	13-358	Strengur	09-891	108,3	94,3	65,9	<b>89,5</b>	17,7	9,9	6,6	25,9	3,3	17,2	119,3
							<b>Meðaltal:</b>	<b>17,1</b>	<b>10,0</b>	<b>6,5</b>	<b>27,3</b>	<b>3,2</b>	<b>17,4</b>	<b>123,0</b>

Á Gilsbakka var nokkuð stór afkvæmarannsókn á vegum sauðfjarsæðingastöðvanna, tíu hryndir hrútar og tveir kollóttir hrútar voru í samanburði. Fjórir aðkomuhrútar öttu kappi við heimahrútana en það voru þeir Óðinn 15-992 frá Skörðum, Spakur 14-150 frá Oddsstöðum og Snar 16-102 frá Hægindi, allir hryndir og einn kollóttur hrútur, Hringur 14-108 frá Hægindi. Njörður 15-991 stendur efstur í heildina líkt og fram kemur í meðfylgjandi niðurstöðum þar sem ómmælingar byggja á gimbramælingum og sláturniðurstöður á hrútum og gimbrum.

Njörður skilaði hagfelldustu mati sláturlamba en vænleiki þeirra var aðeins undir búsméðaltali. Hans afkvæmi voru með þykkasta bakvöðvann og hæst meðaltal fyrir lærastig, bæði samkvæmt niðurstöðum úr gimbraskoðun og lambhrútaskoðuninni. Njörður er sonur Freys 11-181 frá Þorgautsstöðum 2 sem var sonur Fannars 07-808 frá Ytri-Skógum en móðir hans er frá Gilsbakka dóttir Þrjóns 07-812 frá Hesti.

Næstur kemur hálfbróðir Njarðar að föðurnum, Goði 15-373. MFF Goða er Gráni 03-957 frá Stóru-Tjörnum en MMF Kroppur 05-993 frá Hagalandi. Goði var að skila talsvert vænni sláturlömbum en Njörður en ekki alveg eins hagstæðri flokkun. Lifandi lömb undan honum fá ágætan vitnisburð en samt ögn lægri en afkvæmi Njarðar. Þessir hálfbræður stóðu einnig efstir í afkvæmarannsókn á Gilsbakka 2016 en Njörður hét áður Tangi 15-378.

Í þriðja sæti er Óðinn 15-992 undan Hvata 13-926 frá Hesti. Dætur Óðins fá hæsta einkunn fyrir mat á lifandi lömbum í þessari rannsókn. Vænleiki sláturlamba er dálítið undir meðaltali en flokkun þeirra nærri meðaltali rannsóknarinnar. Óðinn er frá Skörðum í Miðdölum og móðurfaðir hans Laufi 08-848.

Af veturgömlum hrútum í þessari rannsókn vekur mesta athygli Stingur 16-385 undan Berki 13-952 frá Efri-Fitjum. Stingur er að skila áberandi vænum sláturlömbum og gerð þeirra sú besta í þessari rannsókn. Mat á lifandi lömbum var hinsvegar ekki nógu hagstætt. Móðurfaðir Stings er Ás 09-877 frá Skriðu.

Í ljósi þessara niðurstaðan var ákveðið að fá þá Njörð 15-991 og Óðinn 15-992 til þjónustu fyrir sauðfjarsæðingastöðvarnar.

## Gaul, Snæfellsnesi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Mávur	15-002	Bliki	12-001	96,5	130,7	145,2	<b>124,1</b>	17,7	10,6	5,8	30,0	2,0	17,7	138,5
Ísak	15-001	Tvinni	14-001	102,3	119,4	117,4	<b>113,0</b>	18,3	10,6	6,5	29,1	2,4	17,4	134,8
Baggi	14-306	Botni	10-316	99,5	119,3	104,4	<b>107,7</b>	18,0	10,4	6,3	28,5	2,6	17,5	136,7
Hrollur	16-547	Kaldi	12-950	96,4	94,9	103,2	<b>98,1</b>	17,7	10,1	7,0	28,2	2,5	17,5	134,9
Fjári	15-545	Skratti	12-913	100,3	88,1	102,3	<b>96,9</b>	18,1	10,0	7,1	28,7	2,9	17,5	134,3
Kraki	16-546	Kölski	10-920	102,2	101,8	84,9	<b>96,3</b>	18,3	10,9	7,5	27,9	3,1	17,4	135,4
Grútur	15-544	Múkki	11-526	101,7	76,3	74,4	<b>84,1</b>	18,2	10,4	7,9	28,2	3,2	17,3	135,3
Nikulás	16-548	Kornelíus	10-945	100,0	81,9	68,5	<b>83,5</b>	18,1	10,2	7,6	27,4	3,0	17,1	134,1
							<b>Meðaltal:</b>	<b>18,1</b>	<b>10,4</b>	<b>7,1</b>	<b>28,5</b>	<b>2,7</b>	<b>17,4</b>	<b>135,4</b>

Í niðurstöðum sem hér birtast byggir líflambadómur á skoðun lambhrúta og kjötmatsniðurstöður á lömbum sem lógað var 14. september. Í afkvæmarannsókninni voru þrjár aðkomuhrútar prófaðir á móti heimahrútunum frá Gaul. Það voru þeir Baggi 14-306 frá Álftavatni og Ísak 15-001 og Mávur 15-002 (15-990) frá Mávahlíð. Mávur kom afgerandi best út úr líflambaskoðun og sameinuðu afkvæmi hans hvað best góða gerð og hóflega fitu. Einnig var hann afgerandi hæstur í gimbraskoðuninni. Var hann valinn til notkunar á sæðingastöðvunum að lokinni rannsókn og því má fræðast meira um hann í hrútaskránni. Ísak, sem er hreinhvítur að lit og úrvalsvel gerður, stóð annar í heildareinkunn og kom vel út úr öllum þáttum þó ekki eins afgerandi og Mávur. Ísak er sonarsonur Saums 12-915 frá Ytri-Skógum og MFF hans er Kveikur 05-965 frá Hesti. Baggi frá Álftavatni kemur svo með þriðju hæstu einkunn út úr þessum samanburði. Baggi er sonarsonur Grábotna 06-833 og í móðurætt út af Lóm 02-923 frá Sveinungsvík og Mól 95-812 frá Hesti. Af heimahrútunum vekur hinn veturgamli Kraki 16-546 mesta athygli en hann er sá hrútur í þessari rannsókn sem hæsta einkunn hlýtur fyrir gerð sláturlamba, gefur þroksamikil lömb en bakvöðvaþykktin er hér undir meðallagi og kom það einnig fram í gimbraskoðuninni. Kraki er sonur Kölska 10-920 og langafar hans í móðurlegg eru þeir Mundi 06-832 frá Brúnastöðum og Grábotni 06-833 frá Vogum.

## Kambur, Reykhólasveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Bliki	14-290	Gormur	13-029	104,8	108,3	117,8	<b>110,3</b>	20,9	11,9	7,9	27,7	4,0	17,7	126,4
Hjassi	15-297	Bliki	14-290	102,2	91,1	131,0	<b>108,1</b>	20,6	10,1	7,2	28,4	3,6	17,5	122,0
Kollur	15-298	Grímur	14-037	109,0	97,8	114,2	<b>107,0</b>	21,0	10,8	7,4	27,0	3,9	17,6	119,1
Dreitill	14-289	Dreitill	12-572	105,1	94,9	116,2	<b>105,4</b>	20,8	10,3	7,1	27,9	3,8	17,3	120,1
Goði	16-275	Kollur	15-298	107,7	99,5	95,6	<b>100,9</b>	21,1	10,7	7,3	26,6	3,9	17,4	120,2
Dalur	15-348	Spaði	13-114	89,9	118,9	93,5	<b>100,8</b>	19,3	10,9	6,6	25,8	3,4	17,3	120,1
Bjarnfreður	13-299	Viti	12-767	110,8	111,7	76,5	<b>99,7</b>	21,5	11,2	7,2	25,4	3,6	17,2	121,1
Pristur	15-076	Sigurbogi	14-113	97,8	90,9	92,4	<b>93,7</b>	20,0	9,9	6,8	26,0	3,8	17,3	119,2
Múkki	15-345	Dropi	12-332	81,0	99,7	96,1	<b>92,3</b>	18,4	9,7	6,0	25,4	2,9	17,1	118,6
Búi	15-295	Bliki	14-290	98,3	86,5	82,7	<b>89,2</b>	20,1	10,6	7,6	26,5	4,1	17,2	117,6
							<b>Meðaltal:</b>	20,2	10,6	7,1	26,5	3,7	17,3	119,9

Á Kambi var afkvæmarannsókn á kollóttum hrútum fyrir sauðfjársæðingastöðvarnar. Við sögu koma bæði heimahrútar og lánshrútar. Alls voru það fjórir lánshrútar sem bornir voru saman við valda heimahrúta, þeir eru Bjarnfreður 13-299 frá Melum 1 með heimilisfesti að Stað í Steingrímsfirði. Pristur 15-076 frá Melum 1 með heimilisfesti að Innra-Ósi í Steingrímsfirði. Múkki 15-345 frá Gautsdal í Reykhólasveit og Dalur 15-348 frá Heydalsá með heimilisfesti í Gautsdal. Birt uppgjör miðast við gengna tvílembings hrúta.

Töluverður breytileiki er í niðurstöðunum þ.e. enginn afkvæmahópur kemur afgerandi best út úr rannsókninni í heildina. Hrútarnir skipta nokkrir með sér að toppa í einstökum þáttum rannsóknarinnar en sá hrútur sem telst hafa staðið sig best í samanburðinum er Bliki 14-290 frá Árbæ, f. Gormur 13-029 og m. Lotta 12-501. Af sæðingahrútum í hans ættartré má m.a. sjá Stera 07-855 og Undra 05-818. Bliki stóð efstur í heildareinkunn rannsóknarinnar og er á toppnum fyrir gerð í kjötmati og fyrir lærastigun afkvæmanna. Hann gekk ekki heill til skógar og fékk því ekki fararleyfi á sæðingastöð en á nokkra syni sem vert er að fylgjast með.

Hjassi 15-297 raðast í annað sæti rannsóknarinnar en hann sækir yfirburði sína aðallega í mat á lifandi lömbum og þá fyrst og fremst í bakvöðvaþykkt afkvæmanna en þar er hann á toppi rannsóknarinnar. Faðir Hjassa er áður nefndur Bliki 14-290 og móðir er Hjassa 14-281 sem hefur m.a. Neista 06-822 í sínu ættartré.

Kollur 15-983 (15-298) frá Árbæ er í þriðja sæti rannsóknarinnar þegar afkvæmahópum hrútanna er raðað eftir heildareinkunn. Faðir Kolls er Grímur 14-037 og M. Lágfóta 14-139. Kollur kom jafnbest út úr rannsókninni og var á þeim grunni valinn á sæðingastöð. Í nánari umfjöllun um hann í hrútaskránni segir m.a. „Afkvæmi hans eru þroskamikil og holdþétt með gott samræmi. Þau hafa almennt góð lærahold. Bakvöðvaþykkt sem og löggun bakvöðva er vel yfir meðaltali lamba í rannsókninni“.

## Mýrar 2, Hrútafirði

1. tafla. Heildarniðurstöður eftir haustið. Líflambaskoðun byggð á gimbrum og kjötmatsniðurstöður á öllum sláturlömbum.

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Fáfnir	16-995	Dreki	13-953	91,1	131,6	121,4	<b>114,7</b>	17,6	10,8	6,9	32,3	2,0	18,1
Sproti	14-137	Runni	11-014	107,9	105,4	127,8	<b>113,7</b>	19,0	10,9	7,7	34,0	2,8	18,0
Trúður	15-051	Lúður	13-055	100,3	115,0	125,1	<b>113,4</b>	18,3	10,6	7,1	33,7	2,5	17,8
Jimmy	14-666	Myrkvi	12-665	96,9	123,2	117,3	<b>112,5</b>	18,1	10,0	6,3	33,5	2,4	17,8
Skuggi	15-131	Myrkvi	12-665	105,0	100,9	120,7	<b>108,9</b>	18,7	10,6	7,6	34,2	2,5	17,7
Mínus	16-161	Hvati	13-926	100,8	109,3	114,7	<b>108,3</b>	18,4	10,9	7,6	33,1	2,6	17,7
Víðir	15-303	Bergur	13-961	107,9	108,0	100,6	<b>105,5</b>	18,9	10,4	7,1	32,8	2,7	17,7
Þyrnir	16-131	Runni	11-014	97,0	107,1	104,7	<b>102,9</b>	18,1	10,1	7,1	32,4	2,3	17,6
Glanni	15-161	Danni	12-923	104,2	102,1	91,9	<b>99,4</b>	18,6	10,3	7,2	31,4	2,3	17,8
Prins	15-132	Kóngur	14-015	100,7	96,2	99,7	<b>98,8</b>	18,3	10,1	7,4	33,2	2,9	17,6
Bati	15-168	Hvati	13-926	98,4	97,8	97,2	<b>97,8</b>	18,2	9,9	7,1	32,2	2,5	17,7
Askur	15-136	Burkni	13-951	96,5	89,5	107,1	<b>97,7</b>	18,0	9,6	7,1	32,8	2,3	17,5
Rimi	16-222	Svimi	14-956	107,7	75,2	105,8	<b>96,2</b>	18,9	9,5	7,4	32,8	2,4	17,9
Hlynur	16-221	Burkni	13-951	103,4	101,5	81,2	<b>95,4</b>	18,6	10,0	7,0	31,0	2,2	17,4
Máttur	16-224	Kraftur	11-947	109,3	82,6	83,1	<b>91,7</b>	19,1	10,1	7,7	30,8	2,3	17,5
Daði	16-133	Dreki	13-953	106,2	102,0	64,9	<b>91,1</b>	18,8	10,5	7,4	30,3	2,9	17,6
Grímsson	16-164	Grímur	14-955	89,3	95,0	89,1	<b>91,1</b>	17,3	9,5	6,9	31,3	2,1	17,3
Mergur	16-137	Bergur	13-961	100,0	97,8	69,2	<b>89,0</b>	18,3	10,8	8,0	30,9	2,6	17,5
Faldur	16-135	Tjaldur	11-922	92,8	92,4	68,5	<b>84,6</b>	17,6	10,0	7,5	29,6	2,5	17,6
Grallari	16-132	Grímur	14-955	97,0	89,2	65,4	<b>83,9</b>	18,0	9,6	7,2	29,8	2,5	17,4
							<b>Meðaltal:</b>	<b>18,3</b>	<b>10,2</b>	<b>7,3</b>	<b>32,4</b>	<b>2,5</b>	<b>17,7</b>

Á Mýrum 2 var afkvæmarannsókn þar sem prófaðir voru hrútar úr Miðfjarðarhólfi. Aðkomuhrútar hér eru Jimmy 14-666 frá Efri-Fitjum, Trúður 15-051 frá Þóroddsstöðum og Víðir 15-303 frá Bergsstöðum. Hér eru birtar tvær skýrslur, sú stærri er heildarniðurstaða allra hrúta búsins sem áttu nægilega mörg afkvæmi til að komast inn í afkvæmarannsóknar uppgjör (tafla 1), þar sem ómmælingar byggja á gimbraskoðun og kjötmatsniðurstöður á öllum sláturlömbum hrútanna. Seinni skýrslan sem kemur hér á eftir, er nákvæmari skoðun á þeim hrútum sem þátt tóku í afkvæmarannsókninni fyrir sæðingastöðvarnar og voru þeir hrútar allir notaðir á samanburðarhæfa ærhópa. Þar byggja allar niðurstöður, bæði úr líflambaskoðun og kjötmati, á hrútlömbum sem gengnir eru sem tvílembingar og slátrað er í september

2. tafla. Eingöngu hrútar prófaðir vegna sæðingastöðvanna, allar niðurstöður byggðar á tvílembings hrútlömbum og slátrun í september.

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Fáfnir	16-162	Dreki	13-953	96,1	129,1	115,0	<b>113,4</b>	18,2	11,2	6,4	32,3	2,1	17,9	133,4
Mínus	16-161	Hvati	13-926	97,8	109,3	128,8	<b>112,0</b>	18,3	11,0	7,0	33,6	2,3	17,8	133,7
Víðir	15-303	Bergur	13-961	114,6	91,8	128,3	<b>111,6</b>	20,3	10,7	7,6	34,3	2,7	17,9	134,7
Sproti	14-137	Runni	11-014	104,6	103,1	99,6	<b>102,5</b>	19,5	11,0	7,3	33,7	3,3	17,8	126,3
Trúður	15-051	Lúður	13-055	98,5	104,7	95,6	<b>99,6</b>	18,4	10,3	6,6	32,2	2,3	17,5	132,3
Þyrnir	16-131	Runni	11-014	97,5	94,2	104,3	<b>98,7</b>	18,4	10,1	6,9	32,7	2,4	17,5	129,8
Glanni	15-161	Danni	12-923	98,7	100,9	91,2	<b>96,9</b>	18,4	10,1	6,6	31,8	2,4	17,6	130,5
Jimmy	14-666	Myrkvi	12-665	100,1	107,1	77,8	<b>95,0</b>	18,6	10,1	6,3	31,1	2,2	17,4	132,2
Askur	15-136	Burkni	13-951	100,5	84,1	78,3	<b>87,6</b>	18,7	9,7	7,0	31,3	2,4	17,5	132,3
Prins	15-132	Kóngur	14-015	93,4	84,0	79,6	<b>85,7</b>	17,9	9,6	6,8	31,7	2,4	17,4	134,0
							<b>Meðalt.</b>	<b>18,6</b>	<b>10,3</b>	<b>6,8</b>	<b>32,4</b>	<b>2,4</b>	<b>17,6</b>	<b>132,2</b>

Fáfnir 16-162 stóð efstur að heildarstigum og var sá hrútur sem tekinn var inn á sæðingastöðvarnar að aflokinni afkvæmarannsókn. Nánar má því lesa um hann í hrútaskránni. En hér eru fleiri athyglisverðir hrútar og líklegt að einhverjir af þeim eigi eftir að bætast í hóp stöðvahrúta seinna. Mínus 16-161 átti feyki vel gerðan hóp. Móðurfaðir hans er Guffi 08-869 og MMF er Grábotni 06-833. Víðir 15-303 frá Bergsstöðum átti öflugan hóp, þroskamkil lömb með býsna góða gerð. Hann er líkt og margir af þessum hrútum, kominn út af Runna 11-014 frá Urriðaa, syni Laufa 08-848 frá Bergsstöðum á Vatnsnesi. Í móður ætt er Víðri einnig ættaður af Vatnsnesinu en MFF er Gotti 05-804. Sproti 14-137 sonur Runna 11-014 átti einnig öflugan afkvæmahóp. En lágt kynbótamat fyrir frjósemi gerði það að verkum að hann kom ekki til álita að sinni sem stöðvahrútur. Trúður 15-051 frá Þóroddsstöðum stóð sig með þryði en þessi athyglisverði hrútur hefur verið á toppnum á Þóroddsstöðum sl. tvö haust og má nánar lesa um hann í umfjöllun um afkvæmarannsókn á hans heimabúi. Jimmy frá Efri-Fitjum fékk hér aðeins misvísandi niðurstöður. Útkoma byggð á tvílembings hrútlömbum var aðeins undir meðallagi í rannsókninni. Hinsvegar kom hann betur út úr gimbraskoðuninni og þegar öllum lömbum hafði verið lógað er hann ofarlega á blaði. Hann gefur heldur hóflegri fitu en flestir aðrir hrútar í þessum samanburði en jafnframt þryðilega gerð. Þá er sú reynsla og ætternisspá sem honum fylgir geysilega lofandi gagnvart mjólkurlagni og frjósemi dætra. Faðir hans er Myrkvi 12-665 frá Efri-Fitjum sonur Runna 11-014 og var Myrkvi mikill yfirburðar kynbótagripur en átti aldrei séns á að fara á sæðingastöð þar sem hann bar áhættuarfgerð m.t.t. riðumótsstöðu.

## Hríshóll, Eyjafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Tvistur	14-748	Toppur	13-743	107,9	131,7	110,2	<b>116,6</b>	19,0	11,5	5,9	28,9	2,3	18,0	125,8
Kubbur	16-761	Hnútur	15-751	99,3	114,2	95,2	<b>102,9</b>	18,1	11,2	6,5	28,3	2,5	17,8	123,1
Hnútur	15-751	Bósi	08-901	93,6	90,6	122,4	<b>102,2</b>	17,5	9,8	6,2	30,5	2,7	17,9	125,0
Kaðall	16-760	Tvinni	15-754	98,5	98,9	106,0	<b>101,1</b>	18,1	10,3	6,2	28,8	2,3	18,0	123,1
Blandon	12-302	Hriflon	07-837	92,8	96,3	103,0	<b>97,4</b>	17,5	10,3	6,4	28,3	1,7	17,5	122,7
Arnar	15-297	Vonandi	14-301	110,0	95,8	80,8	<b>95,5</b>	19,3	11,0	7,0	28,7	3,3	18,0	127,8
Hafur	16-764	Örn	15-101	99,2	69,1	87,7	<b>85,3</b>	18,1	9,4	6,6	28,9	3,0	17,8	120,9
							<b>Meðaltal:</b>	<b>18,2</b>	<b>10,5</b>	<b>6,4</b>	<b>28,9</b>	<b>2,6</b>	<b>17,9</b>	<b>123,9</b>

Á Hríshóli voru 7 hrútar í samanburði. Niðurstöður sem hér eru birtar byggja á ómmælingum á hrútlömbum og sláturniðurstöðum frá 6. september. Tveir aðkomuhrútar voru í rannsókninni þeir Arnar 15-297 frá Skriðu og Blandon 12-302 frá Vatnsenda. Blandon kom inn sem varahrútur fyrir Gára 13-358 frá Völlum sem ekki gekk heill til skógar. Tveir efstu hrútarnir, þeir Tvistur 14-988 (14-748) og Kubbur 16-996 (16-761) voru valdir fyrir sæðingastöðvarnar að lokinni afkvæmarannsókn og má lesa nánar um þá í hrútaskránni. Hnútur 15-751, faðir Kubbs, er trúlega einn af betri sonum Bósa 08-901, m.t.t. skrokkgæða. Hann átti talsvert af fallegum lömbum í líflambaskoðuninni en sláturlambahópurinn var undir meðaltali í vænleika sem hefur trúlega komið niður á holdflyllingunni einnig. Blandon er gamalreyndur kappi sem hefur verið einn farsælasti lambafaðirinn á Vatnsenda síðustu ár, en náði ekki að blanda sér í toppbaráttuna í þessum samanburði. Arnar 15-297 frá Skriðu á hér hörku afkvæmahóp, vænan og vel gerðan en heldur feitari lömb en aðrir hrútar hér líkt og fram kemur í báðum hlutum rannsóknarinnar. Arnar er sonar Vonanda 14-301 sem er frá Svínafelli í Örafum sonur Saums 12-915. Móðurfaðir Arnars er Ás 09-877. Hafur 16-764 telst hér til heimahrúta, en hann er kaupahrútur frá Hafrafellstungu sonarsonur Hlunks 12-101 og dóttursonur Blæs 08-100 sem báðir voru afburðakynbótahrútar.

## Hrifla, Þingeyjarsveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Drangi	15-989	Dreki	13-953	105,2	123,3	132,1	<b>120,2</b>	16,7	10,5	5,4	31,6	2,0	18,2	130,1
Svanur	16-041	Gammur	14-027	109,0	100,7	116,9	<b>108,9</b>	17,0	9,6	5,4	30,4	1,6	17,9	126,9
Tangi	15-037	Bósi	08-901	104,7	95,0	111,2	<b>103,6</b>	16,6	9,3	5,4	30,7	2,0	17,7	131,6
Klettur	16-043	Drangi	15-034	98,8	112,7	97,3	<b>102,9</b>	16,0	10,6	5,9	29,6	2,1	17,9	128,9
Lokkur	14-416	Börkur	11-493	95,2	105,1	103,6	<b>101,3</b>	15,7	9,9	5,4	29,9	1,9	17,8	130,2
Krampi	16-048	Börkur	13-952	105,3	83,3	114,3	<b>100,9</b>	16,7	8,8	5,3	30,5	1,7	17,8	128,4
Þyrill	15-562	Hvati	13-926	94,0	106,8	96,4	<b>99,1</b>	15,6	9,7	5,3	29,5	1,9	17,8	124,7
Dróni	16-042	Drangi	15-034	109,5	84,4	97,0	<b>97,0</b>	17,1	9,4	6,0	29,8	2,1	17,9	129,8
Hjálmur	16-049	Grímur	14-955	92,3	98,4	96,1	<b>95,6</b>	15,4	9,6	5,5	29,8	2,3	17,9	129,0
Máni	14-429	Váli	10-907	93,6	100,8	87,4	<b>93,9</b>	15,6	9,7	5,5	28,8	2,0	18,0	128,7
Grásteinn	15-092	Kornelíus	10-945	96,6	86,1	96,8	<b>93,2</b>	15,8	8,9	5,3	30,0	2,4	17,9	126,5
Viti	16-044	Tangi	15-037	99,6	97,5	77,9	<b>91,7</b>	16,1	9,4	5,3	28,5	1,8	17,4	128,2
Lás	16-046	Saumur	12-915	96,7	102,7	66,0	<b>88,5</b>	15,8	9,6	5,2	27,7	1,9	17,5	128,9
							<b>Meðaltal:</b>	<b>16,2</b>	<b>9,6</b>	<b>5,4</b>	<b>29,8</b>	<b>2,0</b>	<b>17,8</b>	<b>128,6</b>

Í Hriflu var umfangsmikil afkvæmarannsókn fyrir sæðingastöðvanna. Niðurstöður úr líflambaskoðun sem hér birtist byggir á hrútlömbum og kjötmatsniðurstöður byggja á upplýsingum um hrúta og gimbrar sem lógað var þann 21. september. Aðkomuhrútar hér voru þeir Grásteinn 15-092 frá Stóru-Tjörnum, Máni 14-429 frá Ártegi og Þyrill 15-562 frá Hrafnstöðum. Drangi 15-989 var jafnframt einn af þeim hrútum sem voru í sigtinu, en hann hafði fengið frábærar niðurstöður í afkvæmarannsókn haustið 2016. Drangi var síðan afgerandi hæstur í þessari rannsókn og var umsvifalaust falaður á sæðingastöðvanna og má vísa í hrútaskrána varðandi nánari umfjöllun um hann. Þá voru tveir Drangasynir sem áttu athyglisverða hóp. Klettur 16-043 á hér þann hóp sem hlaut hæsta gerðarmatið í sláturhúsi. Að baki Kletti í móðurætt standa þeir Púki 06-807 og Hylur 01-883. Dróni 16-042 á síðan einn þroskamesta hópinn. Svanur 16-041 átti einnig þroskamikinn hóp en afkvæmi hans eru væn en fitulítill. Svanur er sonarsonur Dreka 13-953.



## Ytri-Skógar, Eyjafjöllum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Djåkni	16-568	Kjarni	13-927	105,4	122,6	133,2	<b>120,4</b>	18,0	12,4	5,9	30,2	2,0	18,0	138,8
Tengill	16-572	Tangi	13-954	90,2	114,4	134,6	<b>113,1</b>	16,4	11,5	5,6	29,9	1,8	17,7	139,9
Brestur	16-570	Burkni	13-951	99,6	122,0	103,2	<b>108,2</b>	17,4	12,1	5,6	28,6	1,9	17,7	142,8
Dáلكur	16-569	Dreki	13-953	101,7	111,4	102,7	<b>105,3</b>	17,6	11,3	5,3	28,7	1,8	17,5	143,8
Bátur	16-574	Burkni	13-951	104,2	100,1	92,0	<b>98,8</b>	17,9	11,6	6,1	28,2	2,0	17,6	141,8
Losti	16-571	Bekri	12-911	104,6	82,3	79,5	<b>88,8</b>	17,9	10,7	6,0	28,2	1,9	17,2	142,8
Farsæll	16-567	Bjartur	15-967	98,8	72,0	84,2	<b>85,0</b>	17,3	10,5	6,5	28,2	2,1	17,3	139,4
Ormur	16-573	Hrauni	12-948	96,5	70,2	61,4	<b>76,0</b>	17,0	9,4	5,4	27,0	1,9	17,2	140,4
							<b>Meðaltal:</b>	<b>17,4</b>	<b>11,2</b>	<b>5,8</b>	<b>28,7</b>	<b>1,9</b>	<b>17,5</b>	<b>141,2</b>

Hér var að vanda afkvæmarannsókn á vegum sauðfjársæðingastöðvanna. Dómar á lifandi lömbum og kjötmat byggir eingöngu á hrútlömbum en slátrun fór fram 29. september. Nokkuð afgerandi efstur stendur svartböldótti hrúturinn Djákni 16-568. Bakvöðvi mælist þykkastur hjá sonum hans og þeir stigast best fyrir læri. Í mati sláturlamba endurspeglast þessir yfirburðir því gerð lamba undan Djákna er sú besta. Til viðbótar er lambhópur hans 0,6 kg yfir meðaltali í fallþunga en fitumat samt um meðaltal rannsóknarinnar. Djákni er að talsverðu leyti ættaður frá Brúnastöðum í Fljótum þar sem faðir hans er Kjarni 13-927 og MFF er Myrkvi 10-905, báðir frá Brúnastöðum. Næstur Djákna í heildareinkunn er Tengill 16-572 sonur Tanga 13-954 frá Klifmýri. Synir Tengils mælast með næstþykkastan bakvöðva, eru fitulitlir og stigast vel. Fallþungi sláturlamba var hinsvegar 1 kg undir meðaltali rannsóknarinnar þó gerð þeirra sé betri en meðaltal rannsóknarinnar. Brestur 16-570 sonur Burkna 13-951 sýndi mjög áhugaverða niðurstöðu. Bakvöðvaþykkt afkvæma hans var um meðaltal sem dregur hann niður en lærahold mjög góð. Fallþungi sláturlamba var á meðaltali en gerð þeirra sú næst besta eða nær heilum yfir meðaltali. MFF Brests er Hængur 10-903 frá Geirmundarstöðum. Dáلكur 16-569 sonur Dreka 13-953 frá Hriflu kom nokkuð vel út og þá einkum út úr kjötmatshlutanum. Þessi hrútur er jafnframt dóttursonur Prúðs 11-896 frá Ytri-Skógum.

Enginn hrútur var tekinn á sæðingastöð frá Ytri-Skógum að þessu sinni þó efniviðurinn sé spennandi. Þar sem upp kom sterkur grunur um að Lækur 13-928 frá Ytri-Skógum gæfi bóggreppu var ákveðið að staldra við meðan verið er að skoða þennan grun ofan í kjölinn.